



Kæru systur og kæru bræður.

**Þetta bréf til ykkar er vegna „opins húss“
sunnudaginn 1. september 2019 frá kl. 13.00 – 17.00.**

Þessi tölvupóstur er sendur til allra Reglusystkina á landinu.

Sunnudaginn 1. september verður „opið hús“ í öllum Regluheimilum á landinu, nema á Sauðárkrók, í tengslum við 200 ára afmæli IOOF. Stefnt er að Regluheimilin verði opin frá kl 13:00 – 17:00. Vegna framkvæmda fresta Reglusystkin á Sauðárkrók sínu „opna húsi“ þangað til að nýi fundasalurinn verður tilbúinn.

Tilgangur „opins húss“ er að kynna Oddfellowregluna, líknar- og mannúðarstarf hennar og húsakynni fyrir landsmönnum án nokkurra skuldbindinga. „Lífið er Oddfellow“

Oddfellowar taka á móti gestum í sínu öðru heimili.

Þessi atburður verður ekki mikið auglýstur í fjölmiðlum. 200 ára afmælisnefnd Stórstúkunnar treystir á öll Reglusystkin í landinu að nýta hlutdeild sína í samfélagsmiðlum til að dreifa auglýsingu um „opið hús“ á sínu svæði. Við skulum stefna á víðtæka dreifingu á þessum upplýsingum. Ef Reglusystkin eru ekki með aðgang að samfélagsmiðlum þá er bara að nota símann.


Á heimasíðu Reglunnar, á svæði 200 Nefndarinnar, sem er opin öllum, eru ýmis konar efni til að hengja við auglýsinguna. Þar eru m.a. smákvikmyndir, kynningarbæklingurinn, skjásýning, fréttatilkynning og auglýsingin um „opið hús“.

200 Nefndin hvetur öll Reglusystkin til að taka þátt í „opnu húsi“ í sínu Regluheimili og að fylgjast vel með nýju efni á heimasíðu Reglunnar oddfellow.is. Gangi ykkur öllum vel sunnudaginn 1. september í dökkum fötum og með barmmerkið.

“Það má vera gaman í Oddfellow!”

Reykjavík, 25. ágúst 2019

F.h. 200 Nefndar Stórstúkunnar,
í v. k. og s.


Magnús H. Ólafsson